

af uppboðsandvirði b/v Sólborgar, ÍS 260, kr. 371.929.79 auk vaxta, innheimtulauna og kostnaðar.

Krafa um greiðslu kr. 14.584.10, endurgreidd iðgjöld fær-
eyskra sjómanna, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1962.

Nr. 179/1961. **Júpiter h/f og Marz h/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorsteini Þorleifssyni og gagnsök

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. nóvember 1961, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða kr. 283.675.40 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verði lögð fram í Hæstarétti. Þar á meðal hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur gert 10. desember 1961 nýja áætlun um atvinnutjón gagnáfrýjanda. Samkvæmt þeirri áætlun eru samsvarandi liðir og getur í fyrri áætlunum tryggingafræðingsins og lýst er í héraðsdómi þannig: A-liður, samtals kr. 171.920.00, B-liður, samtals kr. 210.605.00, og C-liður, samtals kr. 290.624.00. Þá hefur og Bergþór Smári læknir lýst því í vottorði, dags. 20.

f. m., að varanleg örorka gagnáfrýjanda sé óbreytt, þ. e. 32%.

Gagnáfrýjandi hefur frá upphafi, fyrst utan dóms og síðar fyrir dómi, lýst atvikum að slysinu með þeim hætti, sem rakið er í héraðsdómi. Hann er að visu einn til frásagnar um þetta efni, þar sem ekki hefur náðst til neinna vitna, sem voru sjónarvottar að slysinu. En þar sem fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda létu hjá liða að tilkynna Öryggis-
eftirliti ríkisins um slysið, eins og fyrir er mælt í 26. gr. laga nr. 23/1952, og ætla má, að sú vanræksla hafi valdið því, hversu skortir á fullnægjandi vitneskju um málsatvik, þykir, eins og á stendur, bera að leggja skýrslu gagnáfrýjanda til grundvallar, enda er að álitum starfsmanns Öryggis-
eftirlits ríkisins mögulegt, að gagnáfrýjandi hafi við slíka hrösun, sem hann hefur lýst, komið í snertingu við skurðhjóla á vél þeirri, er hann stóð við. Verður því við það miðað, að starfsmaður aðaláfrýjanda hafi af gáleysi valdið því, að gagnáfrýjandi hrasaði með þeim afleiðingum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Ber því að leggja fébóta-
ábyrgð vegna slyssins á aðaláfrýjendur, og eru eigi efni til að skipta þeirri ábyrgð.

Staðfesta má ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð bóta, að undanskildum bótum fyrir orkutjón. Þykja þær bætur eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Aðaláfrýjendum verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda in solidum samtals kr. 177.196.00 með vöxtum, eins og krafist hefur verið, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Júpiter h/f og Marz h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Þorsteini Þorleifssyni, kr. 177.196.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi réðst til starfa í frystihúsi aðaláfrýjenda í janúar 1958. Þá er kom fram í apríl—maí það ár, hafði hann m. a. það starf á hendi að hreinsa flökunarvél, sem hér er nefnd nr. 1, á annarri hæð frystihússins. Stundum var honum og falin gæzla flökunarvélarinnar, sem m. a. var fólgin í því að stöðva hana og taka úr henni fiskstiflu með priki, er þörf var á. Flökunarvél nr. 1 var búin lögmæltum hlífum. Önnur flökunarvél, hér nefnd nr. 2, er í salnum og snýr hornrétt á flökunarvél nr. 1. Rétt við flökunarvél nr. 2 er op í gólfinu, og er kastað í það frá vélinni karfa, er eigi hæfir henni. Talið er, að þrír starfsmenn vinni við hvora flökunarvél. Starfsmenn við flökunarvél nr. 2 standa á palli við hana. Snýr þá gæzlumaður við flökunarvél nr. 1 baki og hægri hlið að þeim, og er fjarlægðin á milli um þrír metrar.

Gagnáfrýjandi var hinn 16. júlí 1958 við gæzlu á flökunarvél nr. 1. Lenti þá visifingur og löngutöng vinstri handar hans á skurðhjólí flökunarvélarinnar með þeim afleiðingum að taka varð fingurna af um nærlæga interphalangeallið. Vill gagnáfrýjandi rekja orsök slyssins til þess, að karfa hafi verið kastað í hnésbót honum, en við það hafi hann hrasað, gripið fram fyrir sig með vinstri hendi og slysið þá orðið. Ætlar gagnáfrýjandi, að starfsmaður við flökunarvél nr. 2 hafi viljað kasta karfa í áðurnefnt niðurfallsop, en kastið geigað, þ. e. um 60 gráður, og hæft sig.

Maður og kona, sem unnu við flökunarvél nr. 1, veittu því eigi eftirtekt, hvernig slysið bar við. Ungur starfsmaður var þarna, en eigi bundinn við starf þá stundina. Hann varð eigi heldur sjónarvottur að slysinu. Gagnáfrýjandi hefur eigi sagt til, hverjir unnu við flökunarvél nr. 2, er hann varð fyrir slysinu, og eigi hefur verið gerður neinn reki að því að leiða það í ljós með vitnaleiðslu.

Þá er litið er til málavaxta þeirra, sem nú voru raktir, er ósannað, að slysið hafi borið að hendi með nokkrum þeim hætti, sem aðaláfrýjendur bera ábyrgð á að lögum.

Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Marz h/f og Júpiter h/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Þorsteins Þorleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Þorsteinn Þorleifsson, Álfrólsvegi 84, Kópavogi, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. september 1959, gegn Tryggva Ófeigssyni útgerðarmanni hér í bæ sem stjórnarformanni Marz h/f fyrir hönd félagsins og Páli Ásgeiri Tryggvasyni hestarréttarlögmanni hér í bæ, stjórnarformanni Júpiter h/f, fyrir hönd félagsins, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 291.164.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 283.675.40 vegna greiðslu dagpeninga, er hann hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 7.488.60.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Dómurinn hefur árangurslaust reynt að sætta aðiljana.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hinn 16. júlí 1958 hafi hann unnið við flökunarvél í flökunarvélsal á annarri hæð hraðfrystihúss Júpiter & Marz h/f á Kirkjusandi. Í sal þessum hafi verið tvær flökunarvélar og hafi þrír menn unnið við hvora vél, tveir menn við að raða fiski í hvora vél og einn maður til eftirlits við hvora. Kveðst stefnandi vanalega hafa unnið við að raða fiski í flökunarvélarinnar, síðan hann hóf vinnu hjá stefndu í janúar 1958, en síðan einhvern tíma í apríl eða maí þ. á. kveðst hann einnig hafa haft þann starfa að hreinsa aðra vélina að aflokinni vinnu á daginn. Stefnandi segir mann, að nafni Viggó, hafa haft eftirlit með vél þeirri, er hann vann við 16. júlí 1958. Samkvæmt beiðni hans kveðst stefnandi hafa tekið að sér gæzlu vélarinnar, meðan Viggó

þessi hafi brugðið sér frá. Kveðst stefnandi hafa gert það nokkrum sinnum áður, og hafi gæzlan verið í því fólgin að líta eftir vinnslu vélarinnar og stöðva hana, ef eitthvað færi aflaga í henni.

Stefnandi kvaðst hafa staðið fyrir framan vélina á gólfinu, sem hafi verið blautt og hált. Þá hafi karfa allt í einu verið hent í hnésbót honum, svo að hann hafi heykzt við og fallið fram yfir sig á vélina. Í fallinu hafi hann borið fyrir sig hendurnar, en þá lent með vinstri höndina í flökunarvélina með þeim afleiðingum, að vísifingur og langatöng þeirrar handar hafi skorizt svo illa, að nema hafi orðið verulega framan af báðum fingrunum. Stefnandi kveðst hvorki hafa verið að hreinsa vélina eða eiga neitt við hana, er slysið vildi til, en segist skömmu áður hafa sprautað dálítið á vélina úr vatnsslöngu, og hafi slangan legið á gólfinu hjá honum.

Stefnandi telur, að annar hvor þeirra manna, er unnu við að raða í hina flökunarvélina, hafi kastað karfanum, enda hafi þeim körfum, er voru of stórir fyrir flökunarvélarnar, verið hent niður um gat, er var á gólfinu á milli vélanna, til handflökunar á neðri hæð frystihússins. Kveður stefnandi dálitla hrúgu jafnan hafa myndast kringum gat þetta, og telur hann, að karfinn muni hafa átt að lenda í henni, en verið fleygt of langt og því lent í hnésbót honum með framangreindum afleiðingum.

Eftir slysið fór stefnandi niður í vinnusal á neðri hæð hússins og fann þar fyrir Markús Einarsson verkstjóra, er ók með honum á Slysavarðstofuna. Að lokinni aðgerð þar var stefnandi fluttur á Landspítalann og lagður þar inn. Kveður hann þar hafa þegar verið tekið framan af löngutöng vinstri handar honum og viku síðar einnig framan af vísifingri sömu handar. Að því búnu hafi hann verið látinn fara heim, en hafi komið um það bil 12—15 sinnum á Landspítalann eftir það til þess að fá umbúðum skipt á meiðslum sínum.

Eftir það kveðst hann hafa farið í æfingar að Sjafnar götu 14 (æfingastöð félags fatlaðra og lamaðra) til þjálfunar á handlegg og öxl.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Árna Björnssonar lækni, dags. 18.5. 1961. Í inngangsorðum vottorðsins er þess getið, að stefnandi hafi verið vistaður á IV. deild Landspítalans frá 16.7. 1958 til 21.7. s. á. vegna handarmeisla. Síðan segir svo orðrétt í vottorðinu:

„Við komu er ástandi lýst þannig: Vísifingur og langatöng

vinstri handar eru mjög tættir, og eru allar beygisinar, taugar og æðar á löngutöng sundurskornar. Auk þess er beinið höggvið sundur við nærlæga interphalangealliðinn. Sinar í vísifingri eru heilar, en opið inn í nærlæga interphalangealliðinn og báðir liðfletir ónýtir. Húðin auk þess nokkuð tætt. Sár er lófamegin á baugfingri miðjum, sem nær inn að sinunum.

Langatöng var strax tekin af um nærlæga interphalangealliðinn, og sjúklingurinn útskrifaðist 21.7. '58.

Viku seinna kom í lós, að drep var komið í vísifingur, og var hann því tekinn af um sama lið og langatöng. Sárin greru fremur seint. Höndin var mjög stirð á eftir og lengi að jafna sig.

Við skoðun 17.5. '61 er ástand þannig: Vísifingur og langatöng vinstri handar hafa verið tekin af um nærlæga interphalangealliði. Stúfarnir eru sæmilega mjúkir, en allmikil eymsli eru við þreifingu á löngutangarstúfnum. Um það bil 35° vantar á, að sjúklingurinn geti rétt úr nærlæga interphalangeallið baugfingurs, og nálægt 45° vantar á fulla réttingu á tilsvareandi lið litlafingurs. Um 2 cm vantar á, að sjúklingurinn geti kreppt baugfingur inn í lófann. Auk þessa er sársauka- og snertiskyn upphafið að mestu utanvert á baugfingri. Sjúklingurinn kvartar um kulda í hendinni, mikla þreytukefnd, sem leggur upp í handleggi. Auk þess segir hann, að höndin bólgni við alla meiri háttar áreynslu.

Með tilliti til þess, sem að framan er sagt, verður að telja, að örorka eigi að metast meiri en svarar til þess eins að hafa misst framan af löngutöng og vísifingri.“

Er slysið vildi til, unnu þau Sigríður Konráðsdóttir og Ólafur Aðalbjörnsson við sömu flökunarvél og stefnandi. Sigríður hefur komið fyrir dóminn sem vitni, en starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, Friðgeir Grímsson, tók skýrslu af Ólafi hinn 22.8. 1958. Hvorugt þeirra var sjónarvottur að slysinu, og gátu þau því ekki gefið upplýsingar um atvik að því.

Örn Jóhannsson var einnig staddur inni í flökunarvélasalnum, er slysið vildi til. Hann hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá, að hann hafi verið á frívakt, er slysið varð, en hafi annars unnið við aðra vél en stefnandi. Hann kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu og gat engar upplýsingar gefið um tildrög þess. Aðspurður, kvað hann það hafa tíðkæzt, að kasta þeim körfum, sem voru of stórir fyrir flökunarvélnar niður um áðurnefnt gat á gólfi salarins.

Eins og áður var getið, gerði Friðgeir Grímsson, starfsmað-

ur Öryggiseftirlits ríkisins, skýrslu um slysið hinn 22.6. 1953. Átti hann þá m. a. tal við stefnanda um tildrög þess, og sagðist honum þá svo frá: „Karfi, sem kastað er til hliðar frá vél aftan við þar sem ég stóð, lenti í hnésbót hægri fótar míns með þeim afleiðingum, að ég hnykkist við og slæ ósjálfrátt út höndum. Við það lendi ég með vinstri hendi í gangbúnaði eða skurðhníf þeirrar flökunarvélar, sem ég vann við, með þeim afleiðingum, sem um getur.“

Hinn 1. marz 1960 ritaði lögmaður stefnanda Öryggiseftirlitinu, þar sem hann fór þess á leit, að það léti uppi álit sitt á umbúnaði flökunarvélar þeirrar, er slysið var í.

Í bréfi öryggismálastjóra Þórðar Runólfssonar, dags. 9. marz 1960, til lögmanns stefnanda segir m. a. á þessa leið:

„Við athugun þótti skýrsla eftirlitsmannsins ófullnægjandi, og var honum því falið að gera frekari athuganir og gefa álit um aðdraganda slyssins, og búnað vélarinnar. Er athugunum þessum og álitargerðinni bætt við fyrri skýrsluna, og fylgir heildarskýrslan svo gerð hér með.“

Viðbótarskýrsla þessi er dagsett 3/3 1960 og gerð af nefndum Friðgeiri Grímssyni. Á hann þar enn tal af stefnanda málsins, er gefur svohljóðandi skýrslu: „Ég var ekki að hreinsa vélina, en stóð á þeim stað, sem ætlað er til, að gæzlumaður vélarinnar standi, er lítur eftir gangi hennar. Mér var kunnugt um kefli það (spýtu), sem nota átti við að ýta til efni, sem festist í vélinni, en ég var ekkert slíkt að aðhafast, svo að ekki kom til slíkra nota. Mér var falið að þrifa nefnda vél undanfarið, og vissi ég vel um hættur þær, sem gátu stafað af að umgangast vélina á óviðeigandi hátt, enda kom hér ekkert slíkt til greina, þar eð ég var ekki að þrifa vélina í þetta sinn. Ég hef starfað við ýmis vélastörf í mörg ár, þar af í 13 ár við frystivélar. Ég var frískur og svo vel fyrir kallaður sem að venju og get ekki fundið neina ástæðu til slyssins, er rekja megi til slíks.“

Eftirlitsmaðurinn ræddi einnig við Markús Einarsson, aðalverkstjóra stefndu, og fer umsögn hans hér á eftir svohljóðandi: „Kefla (spýta) var höfð við nefnda vél (Baader 150), er nota átti til að færa til efni (flök), ef það festist í vélinni, svo að vélarvörður þyrfti ekki að fara með hendurnar of nærri skurðhnífum inni í henni.

Vélin er með hlífðarútbúnaði, sem verksmiðja hennar (smíðaverksmiðjan) ætlast til, að þurfi til að starf við hana fari örugg-

lega fram, að því er ég bezt veit. Hafi slasaði verið að hreinsa úr vélinni í gangi, er slysið varð, hefur hann gert það í forboði okkar, er stjórnunum hér.“

Skýrslu sinni lýkur eftirlitsmaðurinn með svohljóðandi álitsgjörð: „Þar eð slasaði telur sig ekki hafa verið við nein hreinsistörf, er varðar nefnda vél, virðist ekki koma til álita um hættur þær, er af þeim kann að stafa. Meint truflun eða högg, sem slasaði telur sig hafa orðið fyrir af karfakasti, er ekki ómögulegt, að hafi átt sér stað, því stórum karfa mun ávallt hafa verið kastað frá næstu vél og að niðurfallsopi nokkuð frá þeim stað, er slasaði stóð, er slysið varð. Vélin, sem slysið varð við, var búin þeim hlífum, sem ætlazt er til og þurfa þykir, enda illmögulegt að koma frekari hlífarbúnaði við, er bægt gæti slysað frekar frá. Tekið skal fram, að þótt ekki verði talið hættulegt að vinna þau törf, sem ætlazt er til við nefnda vél, sé full aðgæzla viðhöfð, er mögulegt, að við hrösun hafi slasaði náð til skurðhjóls, sem er inni í vélinni, og það valdið slysinu.

Af framanskráðu og að athuguðu máli, virðist ekki liggja fyrir ástæða til ásökunar á hendur fyrirtækinu né heldur annarra nærstaddra aðilja. Hér virðist því vera um ófyrirsjáanlegt óhapp að ræða.“

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því, að stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart honum samkvæmt reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð, þar eð starfsmaður þeirra hafi orðið valdur að slysinu á ólögæt看 og saknæman hátt.

Stefndu hafa vanrækt að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952. Hljóti þeir af þeim sökum að bera hallann af sönnunarskorti um slyssatvik og beri því að leggja hina staðfestu skýrslu stefnanda til grundvallar um það, hvernig slysið vildi til.

Þá hefur stefnandi að lokum haldið því fram, að öryggisútbúnaði flökunarvélarinnar hafi verið áfátt, þar sem vélin geti ekki talizt nægilega varin, ef starfsmaður lendir beint inn í gangverk hennar, hrasir hann á vélina við vinnu sína.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, í fyrsta lagi, að hér hafi verið um óhappatilviljun að ræða og verði stefnandi þar af leiðandi að bera tjón sitt sjálfur. Í öðru lagi á því, að stefnanda hafi ekki tekizt að sanna, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að stefndu beri ábyrgð á því, enda sé ekki unnt að leggja skýrslu stefnanda um tildrög slyssins til grundvallar, þar eð hún sé mjög ósennileg vegna þess, hve langt hann hafi

staðið frá nefndu niðurfallsopi, og auk þess hafi staða hans verið út úr kaststefnu að því.

Hafi karfa hins vegar verið hent í stefnanda, hljóti það að hafa verið gert að yfirlögðu ráði af einhverjum starfsmanni stefndu, en á þess konar atferli starfsmanns beri stefndu alls ekki ábyrgð samkvæmt reglum bótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Dómendur hafa gengið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Auk þess hafa verið lagðar fram myndir og uppdráttur af vettvangi.

Fiskur sá, er flakaður var í flökunarvél þeirri, sem nefndum karfa á að hafa verið hent frá, var fluttur á færibandi að vélinni. Þar sem færibandið kemur að flökunarvélinni, stendur maður á upphækkuðum palli og raðar körfunum í vélina, tínir burtu þá karfa, sem ekki hæfa henni, og fleygir þeim að niðurfallsopi, sem er tæpan metra aftan við pall þennan. Fjarlægðin frá nefndum palli til stefnanda, þar sem hann stóð fyrir framan hina flökunarvélina og sneri hægri bakhlið að pallinum, mun hafa verið um 3 metrar, og kaststefna til hans frá nefndum palli myndaði um það bil 60° horn, miðað við kaststefnu að margnefndu niðurfallsopi.

Stefndu vanræktu að tilkynna Öryggiseftirliti ríkisins um slysið, eins og þeim bar skylda til samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952, enda fór rannsókn á því ekki fram fyrr en rúmum mánuði eftir að það vildi til. Ekki hefur tekizt að hafa upp á neinum sjónarvottum að slysinu, og verulegur vafi ríkir um atvik að því, en allan þann vafa verður að leggja á stefndu vegna ofangreindrar vanrækslu þeirra.

Að því er varðar þá málsástæðu stefndu, að oftnefndum karfa hafi verið hent í stefnda að yfirlögðu ráði, þá er þetta atriði algerlega ósannað.

Þar sem hugsanlegt er, að margnefnt slys hafi viljað til á þann hátt, er stefnandi hefur haldið fram, verður skýrsla hans lögð til grundvallar, og ber stefndu að bæta honum in solidum allt það tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins, samkvæmt meginreglum íslenzks réttar um fébótaábyrgð atvinnuveitanda á tjóni, er starfsmenn þeirra valda með ólögmætum og saknæmum hætti.

Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt þannig:

1. Örorkutjón samkv. útreikningi, kr. 294.036.00.

Frá dragast bætur, er Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt

stefnanda, að fjárhæð	kr. 37.556.60
Eftir standa þá	kr. 256.479.40
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 25.000.00
3. Örorkumat og örorkutjónsútreikningur	— 600.00
4. Bílkostnaður	— 1.596.00

Samtals kr. 283.675.40

Kemur þessi fjárhæð heim við kröfugerð stefnanda undir munnlegum flutningi málsins.

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Bergþór Smári hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 2. apríl 1959, telst örorka hans hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi (16.7. '58) til 31.10. '58 .. 100%

Frá 1.11.—31.12. '58 60%

Varanleg örorka 32%

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út atvinnutjón stefnanda hinn 23. maí 1959.

Stefnandi er talinn fæddur 6/9 1902 og hefur því verið 55 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Framtal vinnutekna hans hefur verið allófullkomið árin fyrir slysið. Ekkert var talið fram árið 1956 og lítið fyrir árið 1957. Skattayfirvöld áætluðu stefnanda tekjur fyrir árið 1956 og að nokkru leyti einnig fyrir árið 1957. Ef tekjur, sem áætlaðar voru stefnanda, eru taldar til vinnutekna, nema þær sem hér segir:

Árið 1955 kr. 81.430.34

— 1956 — 85.000.00 (áætlað)

— 1957 — 48.000.00

(þar af áætluð vinna í eigin húsi kr. 20.000.00)

Stefnandi stundaði vélgæzlu í frystihúsum árum saman, áður en hann hóf starf sitt hjá stefndu. Tryggingafræðingurinn hefur umreiknað ofangreindar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan með tilliti til breytinga, er orðið hafa á kaup-taxta Dagsbrúnar fyrir vélgæzlumenn í frystihúsum. Meðaltekjur framan-greindra þriggja ára, umreiknaðar á þennan hátt, nema kr. 94.634.00, miðað við kauplag eftir 1. febrúar 1959. Séu tekjur

þessar lagðar til grundvallar, telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna frá slysdegi nema:

- a) Vegna tímabundinnar örorku til ársloka 1958 kr. 34.808.00
 b) Vegna varanlegrar örorku — 259.228.00

Alls kr. 294.036.00

Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað út atvinnutjón stefnanda, ef miðað er við árstekjur samkvæmt taxta vél-gæzlumanna í frystihúsum án yfirvinnu, en þær námu kr. 69.300.00, þegar útreikingurinn var gerður.

Miðað við þessar tekjur, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna frá slysdegi nema:

- a) Vegna tímabundinnar örorku kr. 25.490.00
 b) Vegna varanlegrar örorku — 189.831.00

Alls kr. 215.321.00

Tryggingafræðingurinn getur þess, að í útreikningi sínum hafi hann ei tekið tillit til greiðslna þeirra, er stefnandi hefur fengið hjá Tryggingastofnun ríkisins. Önnur atriði í reikningsgrundvellingnum en þau, er nú hafa verið rakin, eru þau, að reiknað er með 6% aktíftöflum, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Samkvæmt beiðni lögmanns stefnanda reiknaði nefndur tryggingafræðingur hinn 8. marz 1960 einnig út atvinnutjón stefnanda, miðað við almennt verkamannakaup samkvæmt kaup-taxta Dagsbrúnar. Hefur tryggingafræðingurinn gert útreikning sinn á þrenns konar máta. Í fyrsta lagi miðað við dagvinnukaup (a). Í öðru lagi miðað við meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík (b). Í þriðja lagi miðað við tekjur stefnanda árin 1955—1957, umreiknað með tilliti til breytinga á almennum Dagsbrúnartaxta (c).

- a) Ef reiknað er með almennu Dagsbrúnarkaupi, 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári auk orlofs, nema árslaun, þegar útreikningurinn er gerður, kr. 50.481.00.
 b) Á vegum Hagstofu Íslands hefur undanfarin ár farið fram úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum. Þegar tillit er tekið til kaup-lagsbreytinga, reiknast tryggingafræðingnum meðalárstekjur nema kr. 60.052.00, og er þá stuðzt við athuganir fyrir árin 1951—1958.

- c) Ef tekjur þær fyrir starfsárin 1955—1957, sem tilgreindar eru í fyrrgreindum útreikningi tryggingafræðingsins frá 23. maí 1959, eru umreiknaðar til kauplags, eins og það er nú, með tilliti til breytinga, er orðið hafa á almennum Dagsbrúnartaxta, reiknast tryggingafræðingnum umreiknaðar með alárstekjur stefnanda nema kr. 85.336.00.

Á grundvelli frambúðartekna samkvæmt a—c liðum hér að framar telst tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi:

	Skv. a kr.	Skv. b kr.	Skv. c kr.
Vegna tímabundinnar örorku	19.361.00	23.032.00	32.729.00
Vegna varanlegrar örorku	138.281.00	164.499.00	233.758.00

Samtals kr. 157.642.00 187.531.00 266.487.00

Við útreikninginn hefur verið tekið tillit til þess, að á tímabilinu frá slysdegi til janúarloka 1959 var kauptaxti annar en þegar útreikningurinn var gerður.

Um aðrar forsendur fyrir útreikningi þessum en nú hafa verið tilgreindar, vísar tryggingafræðingurinn til fyrra útreiknings síns frá 23. maí 1959.

Stefnandi hefur aðallega krafist þess, að útreikningur tryggingafræðingsins, miðað við kauptaxta vélgæzlumanna í frystihúsum og laun hans árin 1955—1957, verði lagt til grundvallar við ákvörðun bóta, en til vara krafðist stefnandi þess við munnlegan flutning málsins, að bætur til hans yrðu miðaðar við verkamannalaun, umreiknuð í samræmi við ofangreindar tekjur hans, sbr. c-liðinn í síðari útreikningi tryggingafræðingsins frá 8. marz 1960.

Stefndu hafa mótmælt því, að bætur til stefnanda verði miðaðar við laun vélgæzlumanna í frystihúsum, þar eð stefnandi hafi unnið sem verkamaður hjá stefndu og tekið kaup sem slíkur.

Að þessu athuguðu svo og því, að stefnandi er ófaglærður verkamaður, þykir ekki unnt að ákvarða honum bætur samkv. nefndum kauptaxta.

Þá hafa stefndu einnig andmælt því, að stefnanda verði dæmdar bætur með hliðsjón af hinum áætluðu tekjum hans árin 1956—57, sbr. c-liðinn í síðari útreikningi tryggingafræðingsins, þar eð skattayfirvöld hafi heimild til að áætla þeim gjaldendum, er ekki skila framtölum, allt að 25% hærri tekjur en raunverulegar eru. Það sé einnig vitað mál, að skattayfirvöld noti þessa

heimild, og stefnandi geti ekki átt að hagnast á því við ákvörðun bóta, að hann lét undir höfuð leggjast að telja fram tekjur sínar, eins og hann var lögskildur til. Að endingu telja stefndu, að lækka beri bætur til stefnanda með tilliti til þess, að þær eru undanþegnar opinberum gjöldum, svo og vegna þess hagræðis, er stefnandi muni hafa af því að hljóta bæturnar greiddar í einu lagi.

Ekki verður annað séð en stefnandi hafi sætt sig við áætlun skattstofunnar um tekjur hans og innt af hendi opinber gjöld samkvæmt þeirri áætlun, enda hefur stefnandi borið hér fyrir dóminum, að áætlun skattstofunnar á tekjum hans fyrir árið 1956, er hér skiptir meginmáli, hafi verið nokkuð nærri lagi. Að þessu athuguðu þykir rétt að leggja c-liðinn í síðari út-reikningi tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun bóta. Hins vegar verður að telja, að lækka beri nokkuð þann áætlunarútreiking með hliðsjón af framangreindum röksemdum stefndu, svo og af þeirri ástæðu, að vextir hér á landi eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með. Þegar öll þau atriði eru virt, er nú hafa verið rakin, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 180.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins, að fjárhæð samtals kr. 37.556.60.

Um 2. lið.

Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum. Hér að framman hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Lagðar hafa verið fram í málinu myndir af hinni lemstruðu hendi, og formaður dómsins hefur skoðað meiðsli stefnanda. Tveir fremstu kögglar á vísingri og löngutöng vinstri handar hafa verið numdir brott og baugfingur og litlifingur sömu handar eru talsvert krepptir. Stafa af þessu veruleg lýti. Í réttarhaldi 24. febrúar 1960 kvað stefnandi liðan sína þá orðna sæmilega, en þó fengi hann stundum leiðindakvalir í handlegginn og upp í öxl.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykir þessum kröfulið í hof stillt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ei sætt tölulegum andmælum, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 4. lið.

Meðan stefnandi stundaði æfingar að Sjafnargötu 14 (æfinga-stöð lamaðra og fatlaðra), mun hann jafnan hafa ekið þangað og heim til sín aftur í leigubifreiðum. Undir þessum kröfulið krefur stefnandi stefndu um greiðslu þessa aksturskostnaðar. Stefndu hafa mótmælt þessum lið og talið það algeran óþarfa hjá stefnanda að leigja sér bifreið til þessara ferða, þar eð þeir telja hann ekki hafa verið það illa á sig kominn á þessum tíma, að hann hefði ekki getað notað strætisvagna.

Lagðir hafa verið fram reikningar í málinu yfir akstur þennan. Eru þeir dagsettir frá 30.9. '58 til 8.11. '58. Á þessu tímabili var stefnandi ýmist búsettur í Tungu við Blesugróf eða í Kópavogi. Var því um alllangan veg fyrir stefnanda að fara og það tiltölulega skömmu eftir slysið, meðan hann var enn haldinn 100% örorku mestan tímann.

Að þessu athuguðu verður kostnaður þessi ekki talinn óþarfur, eins og á stóð, heldur eðlileg útgjöld vegna slyssins. Kröfuliður þessi er því einn þáttur í tjóni stefnanda, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 207.196.00 auk vaxta eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalyktum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað einnig in solidum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 17.600.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhannesi Zoëga verkfræðingi og Viggo Jessen vélfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Júpíter h/f og Marz h/f, greiði stefnanda, Þorsteini Þorleifssyni, in solidum kr. 207.196.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júlí 1958 til greiðsludags og kr. 17.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
